

Kolviður
Stjórnarfundur 11. október 2019
Haldinn í Þórunnartúni 6

Mættir: Brynjólfur Jónsson, Jóhannes Bjarki Urbancic Tómasson, Jónatan Garðarsson, Rósbjörg Jónsdóttir, og Reynir Kristinsson. Ragnhildur Freysteinsdóttir sat fund og ritaði fundargerð.

1. Fundargerð síðasta fundar, 15. ágúst 2019

Reynir fór yfir fundargerð síðasta fundar og rifjaði upp það helsta sem rætt var á fundinum. Fundargerð samþykkt og undirrituð.

2. Skipan gjaldkera

Einar Gunnarsson var gjaldkeri og þarf því að finna nýjan nú þegar hann er hættur störfum. Búið er að setja bókhald í hendur KPMG, en Hrefna Einarsdóttir sér áfram um að greiða reikninga sem koma inn. Rósbjörg var skipaður gjaldkeri.

3. Rekstraráætlun fyrir árið 2020

Reynir kynnti drög að áætlun. Gert er ráð fyrir 5% hækkun á plöntuverði milli ára og að gróðursettar verði 400.000 plöntur. Einar Gunnarsson var búinn að gera drög að framkvæmdaáætlun, sem Reynir er búinn að yfirfara í samráði við Brynjólf og Jón Ásgeir Jónsson. Ef allt gengur eftir eru rekstrartekjur um 70 milljónir kr. og rekstrargjöld 67 milljónir. Er þetta töliverð aukning í umsvifum milli ára. Stjórn samþykkti tillögu að hækkun kolefnisjöfnunargjalds úr 2.000 kr. í 2.200 kr. á tonn CO₂ og að vinna eftir áætlun, en hún verður endurskoðuð reglulega eftir því sem árinu vindur fram.

4. Samningar um kolefnisjöfnun

Reynir sagði stuttlega frá fyrirtækjum sem eru með samninga, sérstaklega fyrirtæki sem eru í samstarfi við Klappir. Einnig fór hann yfir fyrirtæki sem eru í viðræðum við sjóðinn.

5. Skipulag og staða plöntunar árið 2020

Fyrirhuguð er gróðursetning á Úlfjótuvatni, í Reykholti, Skálholti og á Geitasandi. Eftir er að ganga frá samningi við Landgræðsluna um stækkun á svæði á Geitasandi. Unnið er að útvegum plantna fyrir 2020, fljótlega þarf að fara í samninga vegna plantna 2021. Rædd hugmynd um að gera þriggja ára samning við gróðrarstöðvar. Óskandi að hægt sé að hafa sem stýstar leiðir úr gróðrarstöð að gróðursetningasvæði, þ.e. fyrir gróðursetningu á Suðurlandi t.d. yrði samið við gróðrarstöð á Suðurlandi.

Brynjólfur fór yfir áætlanir varðandi skipulag plöntunar 2020. Fyrirhugað er að sjálfbóðaliðahópur Skógræktarfélags Íslands setji niður um 80.000 plöntur, sjálfbóðaliðar frá Work abroad um 40.000 plöntur, hópur frá Landsvirkjum um 150.000 plöntur, Skógræktarfélag Borgarfjarðar um 40.000 plöntur (Reykholt) og afgangur með verktökum og öðrum mögulegum hópum. Sérstaklega horft til Geitasands þar.

Verið er að skoða möguleika á fleiri svæðum til gróðursetningar. Þó nokkrir aðilar eru búnir að hafa samband og bjóða fram land. Fyrirhugað er að Reynir og Jón Ásgeir Jónsson fari í skoðunarferð á Suðurland til að skoða nokkur möguleg svæði þar. Landgræðslusjóður hefur einnig verið í viðræðum við ríkið um skipti á umsýslu Langa-Botns í Geirþjófsfirði og jarðar sem betur hentar til skógræktar og hefur t.d. Sogn verið rætt þar.

6. Vottun á starfsemi Kolviðar

Kallað hefur verið eftir alþjóðlegri vottun fyrir starfsemi Kolviðar. Skógræktin er að vinna að vottun og verður Reynir í sambandi við stofnunina þegar þeirri vinnu er lokið, en stutt er í það. Að því loknu verður farið í skoðun á þeim vottunaraðilum sem í boði eru. Búið er að hafa samband við Halldór Þorgeirsson hjá Loftslagsráði varðandi ráðgjöf með það. Jóhannesi falið að vera í samráði við Reyni með vottunarferli, fyrir hönd stjórnar.

7. Loftslagsskógar

Reynir kynnti merki Loftslagsskóga á aðalfundi Skógræktarfélags Íslands og afhenti skógræktarfélagunum það til afnota. Hugmyndin er að undir merki Loftslagsskóga geti skógræktarfélag boðið fyrirtækjum og einstaklingum upp á að taka þátt í gróðursetningu, gegn greiðslu. Reynir hefur verið í viðræðum við Skógræktarfélag Mosfellsbæjar með landsvæði undir slíkan skóg á Langahrygg.

8. Önnur mál

- Fyrir þingi liggur frumvarp um skattaafslátt vegna kolefnisjöfnunar – allt að 0,85% af tekjum.
- Rannsóknaverkefni á Mosfellsheiði. Vegna þurrka í sumar var beðið með gróðursetningu í tilraunareiti á Mosfellsheiði og verður gengið frá uppsetningu á næsta ári.
- Fyrirspurn frá Ólafi Johnson. Fyrirspurn kom um hvort Kolviður hefði áhuga á að kaupa síðu í fyrirhugaðri bók um fyrirtæki á Íslandi. Ekki áhugi á því innan stjórnar, þar sem það samræmist ekki markaðsstefnu Kolviðar.
- Aksturskostnaður. Samþykkt að greiða formanni fast mánaðargjald í akstursgjöld. Gjaldkera falið að koma með tillögu að upphæð.
- Jónatan sagði frá fundi sem hann og Einar Bárðarson, framkvæmdastjóri Votlendissjóðs, sátu báðir. Að fundi loknum ræddu þeir aðeins um mögulega samvinnu Kolviðar og Votlendissjóðs.

Næsti fundur stjórnar Kolviðar 8. nóvember kl. 12.